

Félag háskólakennara

Ársreikningur
árið 2018

Efnisyfirlit

Áritun stjórnar	bls.	2
Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna	-	3
Rekstrarreikningur	-	5
Efnahagsreikningur	-	6
Yfirlit um sjóðstreymi	-	7
Skýringar	-	8
Kjaradeilusjóður	-	10
Starfsþróunarsjóður	-	11

Félag háskólakennara
Hagatorgi
107 Reykjavík
Kt. 570172-0699

Áritun stjórnar

Stjórn Félags háskólakennara staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2018.

Reykjavík, 2. apríl 2019

Michael Dal

Helgi Ássi Grétarsson

Guðmundur Tor: Guðmundsson

Björgvinur Eir Benediktsson

Francisco J. J. J.

Íris Davíðsdóttir

Baldur Einar

Framkvæmdastjóri:

Alga Þinna Tugimundardóttir

Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna

Til stjórnar Félags háskólakennara

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Félags háskólakennara fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir, aðrar skýrningar og ársreikninga Kjaradeilusjóðs og Starfsþróunarsjóðs. Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2018, efnahag þess 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Ábyrgð okkar samkvæmt því er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Félagi háskólakennara í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins. Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við góða endurskoðunarvenju muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar. Endurskoðun okkar í samræmi við góða endurskoðunarvenju byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

* Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri efitlitsaðgerðum.

* Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

* Metum hvort reikningskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

* Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi. ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna


Framhald

* Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram, ef við á.

Reykjavík, 2. apríl 2019

Endurskoðun og reikningshald



Guðmundur R. Óskarsson
endurskoðandi

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Félags háskólakennara höfum skoðað ársreikning þennan fyrir árið 2018, en hann hefur að geyma rekstrarreikning ársins 2018, efnahagsreikning 31. desember 2018, yfirlit um sjóðstreymi, skýringar, ársreikninga Kjaradeildusjóðs og Starfsþróunarsjóðs.

Við höfum gert þær kannanir á bókhaldi, bókhaldsgögnum, eignum og skuldum félagsins sem við töldum nauðsynlegar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri félagsins á árinu 2018 og efnahag þess 31. desember 2018.


Reykjavík, 2. apríl 2019





Rekstrarreikningur árið 2018

	Skýr	2018 Krónur	2017 Krónur
Rekstrartekjur			
Félagsgjöld	7	24.021.422	22.343.059
		<u>24.021.422</u>	<u>22.343.059</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	8	20.059.035	17.411.993
Kostnaður við félagsstarfsemi	11	2.657.461	1.754.352
Skrifstofukostnaður	12	5.251.179	2.374.297
		<u>27.967.675</u>	<u>21.540.642</u>
Afkoma af reglulegri starfsemi fyrir vexti		<u>(3.946.253)</u>	<u>802.417</u>
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		707.989	673.091
Fjármagnstekjuskattur		<u>(154.182)</u>	<u>(129.939)</u>
		<u>553.807</u>	<u>543.152</u>
Afgangur/(halli)		<u><u>(3.392.446)</u></u>	<u><u>1.345.569</u></u>




 607 MD 79
 82 MAG

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

		2018 Krónur	2017 Krónur
Eignir			
Veltufjármunir			
Félagsgjöld, óinnheimt		3.597.243	3.247.739
Starfsþróunarsjóður		3.413.154	1.362.336
Bankainnstæður	13	18.225.568	23.099.692
Veltufjármunir samtals		25.235.965	27.709.767
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé			
Eigið fé		11.307.351	14.699.797
Eigið fé samtals	9	11.307.351	14.699.797
Skuldbindingar			
Lífeyrisskuldbinding	10	10.631.082	10.631.082
		10.631.082	10.631.082
Skammtímaskuldir			
Ógr. BHM		0	627.366
Kjaradeilusjóður		2.371.098	1.072.093
Ógreitt v/starfsmanna	14	926.434	679.429
Skammtímaskuldir samtals		3.297.532	2.378.888
Skuldir samtals		13.928.614	13.009.970
Skuldir og eigið fé samtals		25.235.965	27.709.767

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2018

	2018 Krónur	2017 Krónur
Handbært fé frá rekstri		
Rekstrarafkoma	(3.946.253)	802.417
Veltufé frá/(til) rekstri án vaxta		
Skammtímakröfur, (hækkun)/lækkun	(3.946.253)	802.417
Skammtímaskuldir, (lækkun)/hækkun	(2.400.322)	(1.924.608)
	918.644	1.230.495
Handbært fé (til)/frá rekstri án vaxta		
Innborgaðir vextir	(5.427.931)	108.304
	553.807	543.152
Handbært fé frá/(til) rekstrar.....	(4.874.124)	651.456
Fjárfestingarhreyfingar		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum:		
Kaupverð fastafjármuna	0	0
Söluverð fastafjármuna	0	0
	0	0
Fjármögnunarhreyfingar		
Afborganir langtímalána	0	0
	0	0
Hækkun/(lækkun) á handbæru fé	(4.874.124)	651.456
Handbært fé í ársbyrjun	23.099.692	22.448.236
Handbært fé í árslok	18.225.568	23.099.692



 MÓ GÆB
 BR HEALG '10
 Ársreikningur árið 2018

Skýringar

Starfsemi

- 1 Félag háskólakennara er hagsmunafélag háskólamenntaðra starfsmanna Háskóla Íslands og tengdra stofnana.

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

- 2 Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu þeirra. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Skráning tekna

- 3 Félagsgjöld eru tekjufærð á því tímabili sem þau falla til. Félagsgjöld eru nú reiknuð 0,55% af heildarlaunum. Hluti félagsgjalda, 9,1% er lagður í Kjaradeilusjóð.

Skráning gjalda

- 4 Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað.

Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld

- 5 Vaxtatekjur eru færðar til tekna á því tímabili sem þær tilheyra. Fjármagnskostnaður er færður í ársreikninginn á því tímabili sem hann fellur til.

Skammtímakröfur og skammtímaskuldir

- 6 Skammtímakröfur og skammtímaskuldir eru færðar við nafnverði.

	2018	2017
Félagsgjöld		
7 Félagsgjöld greinast eftirfarandi		
Félagsgjöld	41.152.687	37.604.705
Greitt BHM	(13.386.370)	(11.839.618)
Flutt í Kjaradeilusjóð	(3.744.895)	(3.422.028)
	<u>24.021.422</u>	<u>22.343.059</u>
Launamál		
8 Laun og launatengd gjöld		
Laun starfsmanna	10.284.020	10.451.562
Stjórnarlaun	6.632.200	4.760.600
Lífeyrissjóðsgjöld	2.198.181	1.805.818
Tryggingargjald	1.049.277	849.222
Ökutækjastyrkir	778.800	187.200
Sjóðagjöld stéttarfélaganna	162.112	164.090
Hlutur Starfsþróunarsjóðs í launakostnaði	(1.653.159)	(1.345.789)
Lífeyrir vegna fyrrv. starfsmanna	607.604	539.290
	<u>20.059.035</u>	<u>17.411.993</u>
Stöðugildi	1,0	1,0
Eigið fé		
9 Yfirlit um eigið fé		
Eigið fé í ársbyrjun	14.699.797	23.985.310
Lífeyrisskuldbinding færð upp	0	(10.631.082)
Afkoma ársins	(3.392.446)	1.345.569
Eigið fé í árslok	<u>11.307.351</u>	<u>14.699.797</u>

Skýringar

Skuldbindingar


10 Lífeyrisskuldbinding

Á félaginu hvíla lífeyrisskuldbindingar vegna fyrrverandi starfsmanna sem eru í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, vegna hluta þeirrar verðbreytingar, sem verður á eftirlaunum starfsmanna, eftir að grunneftirlaun eru ákveðin þegar starfsmenn fara á eftirlaun. Skuldbinding þessi nam kr. 10.631.082 í árslok 2017. Gert er ráð fyrir að reikna skuldbindinguna á þriggja ára fresti. Gjaldfærðar greiðslur vegna þessara lífeyrisskuldbindinga námu kr. 607.604 á árinu 2018 og kr. 539.290 2017.

Sundurliðanir	2018	2017
11 Kostnaður við félagsstarfsemi		
Erlent samstarf	1.507.025	1.091.540
Fundar-, matar- og kaffikostnaður	438.536	463.312
Fastagjald BHM	150.000	150.000
Árshátíð og þh.	66.600	49.500
Annað (fræðslufundir, námskeið, salarleiga ofl.)	495.300	0
	2.657.461	1.754.352
12 Skrifstofukostnaður		
Húsaleiga	864.288	859.896
Reikningshald og endurskoðun	824.760	681.420
Aðk. þjónusta, lögfræði- og sérfræðikostnaður	2.659.720	31.000
Reiknistofnun HÍ, rekstur tölvukerfa	481.223	446.981
Námskeiðskostnaður.....	51.900	0
Ritföng, pappír og prentun	189.360	74.473
Tryggingar	22.307	22.060
Sími	23.221	22.246
Auglýsingar	116.592	132.828
Bankakostnaður, þjónustugjöld	4.708	33.393
Gjafir og styrkir	13.100	0
Gjaldfærð áhöld og tæki	0	70.000
	5.251.179	2.374.297
13 Bankainnstæður		
Inneign hjá Ríkissjóði v/álag.	21.988	0
Arionbanki nr. 2539	18.049.577	22.979.577
Arionbanki nr. 60815	154.003	120.115
	18.225.568	23.099.692
14 Ógreitt vegna starfsmanna		
Staðgreiðsla	446.806	313.612
Lífeyrissjóður	333.222	260.057
Tryggingargjald	126.177	84.608
Ógreidd laun.....	739	0
Önnur sjóðagjöld	19.490	21.152
	926.434	679.429

Kjaradeilusjóður

	2018	2017
Efnahagsreikningur 31. desember 2018		
Eignir		
Veltufjármunir		
Arionbanki nr. 755	90.352.123	85.565.318
Landsbanki Ísl. 9548	989.981	990.051
Inneign hjá félagssjóði	2.371.098	1.072.093
	<u>93.713.202</u>	<u>87.627.462</u>
Eigið fé		
Frá fyrra ári	87.627.462	81.536.698
Framlag á árinu	3.744.895	3.422.028
Vextir og verðbætur	3.001.117	3.335.913
Fjármagnstekjuskattur	(660.272)	(667.177)
	<u>93.713.202</u>	<u>87.627.462</u>


BZ MD '17
HHL

Starfsþróunarsjóður

	2018	2017
Rekstrarreikningur árið 2018		
Rekstrartekjur		
Framlag á árinu	51.255.651	22.000.000
Rekstrarkostnaður		
Styrkir	21.847.214	11.119.267
Stjórnarlaun	498.520	725.000
Hluti í launakostnaði	1.447.239	1.345.789
Fundarkostnaður	105.059	16.547
	23.898.032	13.206.603
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld		
Vaxtatekjur	2.230.498	1.276.232
Fjármagnstekjuskattur	(488.741)	(249.276)
Bankakostnaður, þjónustugjöld	(1.961)	(5.964)
	1.739.796	1.020.992
Afgangur/(halli)	29.097.415	9.814.389

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir

Veltufjármunir

Ríkissjóður	4.511.538	22.000.000
Arionbanki nr. 5926	74.657.918	25.180.966
Arionbanki nr. 112795.....	7.339.336	8.179.593
	86.508.792	55.360.559

Eigið fé og skuldir

Eigið fé


Frá fyrra ári	53.998.223	44.183.834
Afkoma ársins	29.097.415	9.814.389
	83.095.638	53.998.223

Skammtímaskuldir

Félagssjóður	3.413.154	1.362.336
	3.413.154	1.362.336

Eigið fé og skuldir

	86.508.792	55.360.559
--	------------	------------


 MD 503
 11/16 "D"
 Ársreikningur árið 2018
 B2

**Stjórn Félags
háskólakennara
Hagatorgi
107 Reykjavík**

Reykjavík, 2. apríl 2019

Endurskoðunarbréf vegna ársins 2018

Endurskoðun

Við höfum lokið endurskoðun okkar á ársreikningi Félags háskólakennara árið 2018. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi, sjóðstreymi og skýringum. Einnig efnahagsreikningi fyrir Kjaradeilusjóð og ársreikningi fyrir Starfsþróunarsjóð.

1. Endurskoðunin var í aðalatriðum framkvæmd með þeim aðferðum, sem við höfum gert grein fyrir í kynnisbréfi okkar um störf endurskoðenda.
2. Við höfum haft aðgang að öllu bókhaldi félagsins og öðrum fylgigögnum.
3. Í framhaldi af endurskoðun okkar ætlum við hér á eftir að fjalla um nokkur atriði og ábendingar sem við viljum koma á framfæri.

Ábendingar

Afkoma

4. Halli varð á félagssjóði á árinu 2018, 3.392 þús. kr., en 1.346 þús. kr afgangur var 2017. Við samanburð á afkomu milli ára er þörf á að hafa eftirfarandi í huga:
 - Rekstrartekjur hækka um 7,5%. Rekstrargjöld hækka um 29,8%. Munar þar mestu hækkun aðk þjónusu v/skýrslu og hækkun vegna fundar og námskeiða.
 - Fjáreignatekjur hækka um 1,9%

Framlag í Kjaradeilusjóð nam 3.745 þús. kr. eða 9,1% af félagsgjöldum, en 3.422 árið 2017.

Við stofnun Starfsþróunarsjóðs árið 2016 lagði félagið 22.000 þús. kr. stofnfé til sjóðsins og var framlagið greitt úr Kjaradeilusjóði. Framlag í Starfsþróunarsjóð

nam 51.256 þús. kr. á árinu, en 22.000 þús. kr. 2017. Afgangur árið 2018 var 29.097 þús kr.

Efnahagur

5. Eignir félagssjóðs námu 25.236 þús. kr. í árslok og eigið fé 11.307 þús. kr. Lífeyrisskuldbinding var reiknuð upp í árslok 2017 og gert ráð fyrir að reikna hana þriðja hvert ár. Lífeyrisskuldbindingin er því óbreytt frá fyrra ári, eða 10.631 þús. kr. Nánar er vísað til skýringar nr. 10 í ársreikningi.
6. Eignir Kjaradeilusjóðs námu 93.713 þús. kr. í árslok, en 87.627 þús. kr. í árslok 2017.
7. Eigið fé Starfsþróunarsjóðs nam í árslok 83.096 þús. kr., en 55.361 þús. kr 2017.
8. Í yfirlýsingu til okkar frá stjórnendum um fjárhagsstöðu Félags háskólakennara, er m.a. staðfest að allar áfallnar og skilyrtar skuldir og skuldbindingar komi fram í ársreikningi og að eftir viðmiðunardag reikningsskilanna, sé stjórnendum ekki kunnugt um, að upplýsingar hafi komið fram, eða atburðir orðið, sem breytt gætu verulega þeim niðurstöðum eða mati sem fram kemur í ársreikningum.

Samstarf við stjórnendur og starfsmenn


9. Við vinnu okkar höfum við komið ýmsum ábendingum og athugasemdum á framfæri við starfsmann. Við höfum fengið alla þá aðstoð sem við höfum óskað eftir og þökkum gott samstarf.

Niðurstaða

10. Við vísum til áritunar okkar í ársreikningi Félags háskólakennara, en þar kemur fram það álit okkar, að ársreikningurinn sýni glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2018, efnahag 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu.

Virðingarfyllst,

Endurskoðun og reikningshald


Guðmundur R. Óskarsson
endurskoðandi